

Fundarboðandi: Gísli Jónsson

Fundarstaður: Matvælastofnun, Dalshraun 1b, Hafnarfirði

Fundarstjóri: Sigurjón Njarðarson

Dagsetning: 6. október 2021

Fundarritari: Sigurjón Njarðarson

Fundartími: 11:00 – 12:15

Pátttakendur: Gísli Jónsson (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafrannsóknastofnunar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknastofnunar) og Sigurjón Njarðarson. (Lögfræðingur hjá Matvælastofnun og starfsmaður nefndarinnar).

Dagskrá

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um lyfjameðhöndlun eldisfiska
2. Umsögn um innflutning á seiðum fengrana
3. Umsögn um innflutning á þorskhrognum
4. Önnur mál

Umræða

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna lyfjameðhöndlunar eldisfiska í sjókvíeldi

- a) Umsókn um leyfi til að að meðhöndla eldislax gegn fiskilús (*Caligus elongatus*) og þá um leið laxalús (*Lepeophtheirus salmonis*) með Slice vet. (emamectin) í fóðri. Um er að ræða fisk í sjókvíum í Fosfirði inn af Arnarfirði.
 - Út frá fyrirbyggjandi gögnum um núverandi umhverfisskilyrði, fiskstærð, stöðu lúsasmita og væntanlega þróun þeirra mælir Fisksjúkdómanefnd með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
- b) Umsókn um leyfi til að að meðhöndla eldislax gegn fiskilús (*Caligus elongatus*) og þá um leið laxalús (*Lepeophtheirus salmonis*) með Slice vet. (emamectin) í fóðri. Um er að ræða fisk í sjókvíum við Haganes í Arnarfirði.
 - Út frá fyrirbyggjandi gögnum um núverandi umhverfisskilyrði, fiskstærð, stöðu lúsasmita og væntanlega þróun þeirra mælir Fisksjúkdómanefnd með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.

2. Umsögn um innflutning á seiðum fengrana

- Fisksjúkdómanefnd veitir jákvæða umsögn um þessa umsókn

3. Umsögn um innflutning á þorskhrognum

- Málið kynnt. Umsókn er ekki nógu langt komin til að geta talist tæk til efnislegrar meðferðar.

4. Önnur mál

- Óformleg umræða um þær breytingar á umhverfi laga og reglna sem felast í setningu reglugerðar nr. 1062/2021 um breytingu á reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12:15.